

# FUNDARGERÐ

## 611. fundar sveitarstjórnar Mýrdalshrepps

Árið 2020, fimmtudaginn 26. nóvember, kom sveitarstjórn Mýrdalshrepps saman til fundar kl. 16:00 í Kötlusetri, Víkurbraut 28 í Vík.

Fundinn sátu: Einar Freyr Elínarson, Ingi Már Björnsson, Drífa Bjarnadóttir, Páll Tómasson og Þórey Richardt Úlfarsdóttir.

Að auki sat fundinn Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerðina í tölvu.

Oddviti setti fundinn og stjórnaði honum og leitaði afbrigða til að taka eftirtalin mál á dagskrá fundarins:

Fyrir mistök fór fundargerð fræðslunefndar á dagskrá í fundarboði en hún hafði áður verið tekin fyrir í sveitarstjórn. Lagt er til að sá liður verði felldur af dagskránni.

III – 3 Áskorun á Reykjavíkurborg

*Afbrigðin samþykkt.*

**Þetta var tekið fyrir:**

### 1. Fjárhagsáætlun Mýrdalshrepps 2021.

Lögð fram til fyrri umræðu fjárhags- og framkvæmdaáætlun fyrir árið 2021.

*Sveitarstjórn samþykkir að vísa fjárhagsáætlun til síðari umræðu.*

### 2. Aðgerðir vegna Covid-19.

Lögð fram tillaga til að draga úr efnahagslegum áhrifum Covid-19 í Mýrdalshreppi. Lagt er til að boðið verði upp á frestun gjalddaga fasteignagjalda rekstaraðila í febrúar, mars og apríl 2021 þar til loka sama árs og kæmi þá síðasti gjalddagi til greiðslu í janúar 2022. Tillagan er háð því að heimild fáið til þess hjá ráðuneyti.

*Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.*

### 3. Áskorun á Reykjavíkurborg.

Lögð fram svohljóðandi bókun:

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps harmar þá stöðu sem upp er komin í málefnum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Reykjavíkurborg virðist ætla að halda til streitu kröfu á hendur Jöfnunarsjóði upp á um 8,7 milljarða króna fyrir meint vangoldin framlög úr sjóðnum. Þessari kröfu hefur þegar verið hafnað af hálfu ríkisins.

Ljóst er hins vegar að muni krafan ná fram að ganga þá eru það sveitarfélögin í landinu, í gegnum Jöfnunarsjóð, sem á endanum munu greiða kröfuna í formi skertra framlaga til þeirra eins og fyrri kröfur sem lent hafa á sjóðnum. Með því er ljóst að fjárhagsleg framtíð sveitarfélaga í landinu er í uppnámi sem og framtíð þess jöfnunarkerfis sem hingað til hefur verið sátt um á meðal sveitarfélaga landsins. Mörg sveitarfélög treysta að miklu leyti á


framlög Jöfnunarsjóðs til að sinna þeim fjölmörgu verkefnum sem þeim eru falin og því ljóst að skerðing á framlögum til þeirra í gegn um jöfnunarkerfið mun gera mörgum sveitarfélögum ókleift að sinna þessum verkefnum. Það mun leiða til þess að þjónusta við íbúana mun skerðast verulega frá því sem nú er.

Flest sveitarfélög landsins takast nú á við mjög erfiða fjárhagsstöðu á árinu 2020 og jafnframt er flestum þeirra mikil áskorun að ná endum saman við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2021. Nái krafa höfuðborgar Íslands, sem byggð hefur verið upp af hálfu ríkisins og skattborgara landsins alls sem miðstöð stjórnýslu, menningar, íþróttar og lista, fram að ganga er ljóst að rekstur sveitarfélaga landsins er í uppnámi um komandi framtíð.


Sveitarstjórn Mýrdalshrepps skorar á Reykjavíkurborg að draga kröfu sína til baka og leita annarra leiða gagnvart ríkisvaldinu til að ná fram þeirri leiðréttingu sem borgin telur sig eiga rétt á en í gegnum jöfnunarsjóð sveitarfélaga og þar með gagnvart sveitarfélögum í landinu, með ófyrirséðum afleiðingum fyrir sveitarfélögin og íbúa þeirra. Sveitarstjórn skorar jafnframt á önnur sveitarfélög landsins að taka undir bókunina og gera að sinni.

*Sveitarstjórn samþykkir áskorunina.*


**Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl. 16.50**




Einar Freyr Elínarson, oddviti




Ingi Már Björnsson



Drífa Bjarnadóttir



Páll Tómasson



Þórey Richardt Úlfarsdóttir